

Erindisbréf Ungmennaráðs Suðurlands – Drög

1.gr

Ungmennaráð Suðurlands tekur til allra sveitarfélaga á Suðurlandi, 15 talsins. Í Ungmennaráði Suðurlands eru 15 ungmenni, einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi á Suðurlandi og hafa allir jafnt vægi. Með ráðinu starfa tveir æskulýðsfulltrúar (alm. starfsmaður) á Suðurlandi og einn fulltrúi frá SASS er tengiliður samtakanna við ráðið.

2.gr

Ungmennaráð í hverju sveitarfélagi á Suðurlandi tilnefnir einn aðalmann og einn til vara í Ungmennaráð Suðurlands. Á fyrsta fundi ungmennaráðs Suðurlands skiptir ráðið með sér verkum. Velja skal formann, varaformann og ritara til eins árs í senn og kjósa hvaða sveitarfélög byrja á að vera með fulltrúa í tvö ár og hvaða sveitarfélög byrja á að vera með fulltrúa í eitt ár. Fyrsta árið verða 7 fulltrúar kjörnir til tveggja ára og 8 fulltrúar til eins árs. Gæta þarf að jafnri skiptingu kynja. Formaður og/eða varaformaður ásamt starfsmanni ráðsins fylgja eftir tillögum og verkefnum ráðsins.

3.gr

Ef ekki er starfandi ungmennaráð getur sveitarstjórn í viðkomandi sveitarfélagi tilnefnt ungmenni til að vera fulltrúi þeirra í ráðinu. Gert er ráð fyrir að öll sveitarfélög á Suðurlandi hafi starfandi ungmennaráð með vísan til 2. mgr. 11. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007

4.gr

Fulltrúar í Ungmennaráði Suðurlands eru fulltrúar síns sveitarfélags en líka Suðurlands alls. Þau eiga fasta a.m.k tvo fundi á ári, vorfund og haustfund. Á vorfundi þar sem nýir fulltrúar taka sæti skal funda skal eigi síðar en 25. maí. Haustfund ráðsins skal halda eigi síðar en 10. september. Þar koma allir fulltrúar ráðsins saman og funda fyrst sjálf í Ungmennaráði Suðurlands og svo funda þau með stjórn SASS. Allir fulltrúar í ráðinu geta óskað eftir aukafundi og skal það metið af formanni ráðsins og formanni/framkvæmdastjóra SASS hvort að kalla skuli ungmennaráðið saman. Ef aðalmaður í ráðinu kemst ekki á fundinn skal hann boða varamann fyrir sig. Ferðakostnaður, uppihald og fundaseta er greidd af SASS. Fundir Ungmennaráðsins geta verið haldnir hvar sem er á Suðurlandi. Fulltrúar í ráðinu senda inn til SASS reikning eða kvittun eins og við á hverju sinni og merkir viðkomandi fundi og með dagsetningu á fundardegi.

5. gr

SASS skal tilnefna tvo æskulýðsfulltrúa/starfsmenn sveitarfélaga til að starfa með ráðinu. Einnig skal SASS tilnefna einn fulltrúa/verkefnastjóra sem tengilið við ráðið.

6. gr

Ungmennaráðið starfar eftir eftirfarandi samþykktu hlutverki ráðsins:

- Að vekja athygli á málefnum ungs fólks á Suðurlandi.
- Að sýna frumkvæði og virka þátttöku með umræðum og athöfnum sem íbúar á Suðurlandi og öðlast þannig sterka rödd í samfélaginu að ákvörðunum sem snerta líf þeirra.
- Að auka jafningjafraeðslu og styðja við ungmennaráð sveitarfélaganna á Suðurlandi.
- Að vera ráðgefandi fyrir stjórn SASS og funda með stjórninni a.m.k. einu sinni á ári.
- Að koma tillögum og ábendingum til stjórnar SASS um þau málefni sem ráðið telur skipta ungmenni á Suðurlandi máli.
- Að gæta hagsmuna ungmenna á Suðurlandi.
- Að stuðla að bættum skilyrðum fyrir ungmenni á Suðurlandi m.t.t. náms, velferðar, vinnu, tómstunda, menningarstarfs, samgangna og framtíðarbúsetu á Suðurlandi.

7. gr

Ungmennaráð Suðurlands starfar eftir ákveðnu leiðarljósi og setur sér siðareglur

Leiðarljós og siðareglur ungmennaráðs - drög

Samskipti	Fundir	Í Ungmennaráðinu eru:
.		